

**Nefndasvið Alþingis**  
**Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd**  
**b/t Benedikts S. Benediktssonar**  
**nefndarritari**  
**Austurstræti 8-10**  
**150 Reykjavík**

Reykjavík, 28. apríl 2011.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Hagþjónustu landbúnaðarins, lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, ábúðarlögum og lögum um búfjárhald, (572. mál).

*Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í niðurlagningu Hagþjónustu landbúnaðarins.*

Viðskiptaráð Íslands styður áform um að leggja niður Hagþjónustu landbúnaðarins. Hagræðingar er þörf og niðurlagning einstakra stofnana og þar með tilfærsla verkefna er einn þáttur í því. Það er þó skoðun ráðsins að lengra hefði mátt ganga í hagræðingarmálum en frumvarpið felur í sér.

Með frumvarpinu er stofnunin lögð niður og verkefni hennar færð til ráðherra sem síðan gerir samning um einstakar framkvæmdir vegna starfa sem voru áður í höndum hennar. Full ástæða er til að ganga lengra í þessum efnum og endurmeta með gagnrýnum hætti nauðsyn þeirra starfa sem unnin voru af stofnuninni og aðeins halda þeim sem teljast nauðsynleg hagþjónusta. Einnig væri þetta gott skref í átt því að draga úr fjárframlögum vegna landbúnaðarmála. Næstu skref mættu til að mynda vera að taka Bændasamtök Íslands og Lífeyrissjóð bænda af fjárframlögum, eða hefja vinnu í þá átt.

Undanfarið hafa komið frá landbúnaðar- og sjávarútvegsráðuneytinu tillögur sem vinna með einhverjum hætti gegn áframhaldandi þróun landbúnaðar í átt að sjálfbærri atvinnugrein, sem dæmi um þetta mætti nefna drög að frumvarpi til breytinga á jarðarlögum sem eru til skoðunar hjá ráðuneytinu. Þar er mikið fjalla um tryggingu fæðuöryggis og það gert með þeim hætti að Ísland tryggi sitt eigið fæðuöryggi en ekki í samfélagi með öðrum þjóðum.

Svo Ísland geti unnið sig í að verða meiri þáttur í alþjóðlegu samfélagi og sem hluti af uppreisn samfélagsins úr þeim hremmingum sem dunið hafa yfir á endurskoðun landbúnaðarkerfisins að vera þar hluti af. Endurskoðunar er til að mynda þörf á sviði verndartolla og er mikilvægt að horfa til þess að hörfa frá þeim en ekki auka þá á næstu árum.

*Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái fram að ganga*

Virðingarfyllst,



---

Þórdís Bjarnadóttir  
Lögfræðingur  
Viðskiptaráð Íslands

